

Eiríkur Rögnvaldsson, formaður íslenskuskorar

Íslenskan og Helga Kress – athugasemdir við viðtal

Í viðtali við Helgu Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði, sem birtist í 6. tölublaði *Háskólans - Stúdentafréttu* 1991, er vegið talsvert að "íslenskudeildinni" í Háskóla Íslands. Ástæða þess að ég skrifa þessa athugasemd er sú að ég tel það eitt af hlutverkum mínum sem skorarformanns í íslenskuskor að svara ómaklegum árásum á greinina. Í viðtalinu við Helgu eru nefnilega ýmsar staðreyndir færðar úr lagi, svo að ekki verður við unað.

1.

Snemma í viðtalinu segir frá því að Helga sótti um stöðu í íslensku fyrir erlenda stúdenta skömmu eftir að hún lauk kandidateitli; þetta var haustið 1970. Eftir Helgu er haft, innan gæsalappa: "Þá var enn engin kona orðin kennari í heimspekideild og karlarnir voru óvanir því að kona sæktist eftir stöðu innan Háskólans, enda vildu þeir heldur ráða karlmann í stöðuna. Hann var þá ekki viðlátinn þegar til átti [að taka]."

Hér er ekki minnst einu orði á það hvers eðlis starfið er; það er ómögulegt að skilja þetta öðruvísi en svo að Helga hafi þarna orðið að gjalda kynferðis síns. Staðreyndin er hins vegar sú að dómnefndin sem fjallaði um hæfi umsækjenda sló því föstu að þarna væri um að ræða embætti í málfræði, og umsækjendur skyldu dæmdir eftir hæfi á því sviði. Þar studdist nefndin við langa hefð, auk þess sem það hlýtur að vera ljóst öllum sem til þekkja að byrjendakennsla í máli er fyrst og fremst málfræðikennsla.

Ástæðan fyrir því að "karlarnir ... vildu heldur ráða karlmann í stöðuna" var einfaldlega sú að meðal þriggja umsækjenda var aðeins einn málfræðingur, og hann var karlmaður. Hinir umsækjendurnir tveir voru með íslenskar bókmenntir sem aðalgrein, en ekki málfræði. Annar þeirra var karlmaður, og sá var ekki talinn hæfur. Hinn bókmenntafræðingurinn var Helga Kress, sem var talin hæf, þrátt fyrir að dómnefndin legði áherslu á að um málfræðistöðu væri að ræða. (Það er að vísu ekki sagt berum orðum í álitinu að Helga sé hæf, heldur "telur nefndin hana ekki óhæfa"; en auðsætt er af meðferð málsins á síðari stigum að það hefur verið talið jafngilda hæfnisdómi.) Ég veit ekki önnur dæmi þess, a.m.k. ekki frá síðari árum, að bókmenntafræðingur hafi verið dæmdur hæfur til málfræðistöðu - eða öfugt. Helga má því vel við una, og það er alveg óþarfi hjá henni að gefa í skyn að þarna hafi hún galdið kynferðis síns.

2.

Síðar í viðtalinu er haft eftir Helgu: "Ég kemst ekki að með rannsóknir mínar og kenningar um íslenska bókmenntasögu við íslenskudeildin[a], og námskeiðum sem ég býð þar fram er hafnað."

Sem betur fer eru til þónokkrir bókmenntafræðingar á Íslandi - fleiri en svo að þeir komist allir að sem kennarar í íslensku við Háskólann. Ég held samt að margir hafi meiri ástæðu til að kvarta en Helga. Hún hefur tvisvar kennt námskeið í kvennabókmenntum í íslensku til B.A.-prófs - á vormisseri 1981 og 1982. Tvisvar sinnum síðan var gert ráð fyrir því að hún kenndi kvennabókmenntanámskeið á B.A.-stigi, vorið 1984 og haustið 1986. Í bæði skiptin féll

námskeiðið niður vegna þess að Helga hætti við að kenna það (í annað skiptið fór hún í leyfi). Þá kenndi Helga 5 eininga námskeið í kvennabókmenntum á kandidatsstigi í íslenskum bókmenntum vorið 1986.

Á rúmum fimm árum, frá vori 1981 til hausts 1986, stóð Helgu því til boða að kenna námskeið í íslensku alls fimm sinnum (auk þess sem hún kenndi hálf tann námskeið á vormisseri 1980, í rannsóknaleyfi Óskars Halldórssonar). Það er meira en nokkrum öðrum utanaðkomandi bauðst á þeim tíma. Það stenst því alls ekki að Helga hafi ekki komist að með rannsóknir sínar og kenningar, né að námskeiðum hennar hafi ævinlega verið hafnað.

Því má svo bæta við að á þeim 10 árum sem Helga hefur verið fastur kennari í almennri bókmenntafræði hefur hún auðvitað kennt þar fjölmörg námskeið um kvennabókmenntir, bæði íslenskar og erlendar. Margir íslenskunemar hafa sótt þau námskeið, og engin fyrirstaða verið á því að þau fengjust metin inn í íslensku. Íslenskunemar hafa líka skrifað B.A.-ritgerðir undir leiðsögn Helgu, og hún hefur haft umsjón með a.m.k. einni kandidatsritgerð í íslenskum bókmenntum. Þar að auki hefur almenn bókmenntafræði lengi verið sú aukagrein sem íslenskunemar sækja helst í; þeir hafa þá getað tekið námskeið hjá Helgu, m.a. í kvennabókmenntum.

3.

Í viðtalinu segir einnig: "Helga var ráðin lektor í almennri bókmenntafræði árið 1981. Hún var þá búin að sækja **nokkrum sinnum** um stöðu í íslenskum bókmenntum við íslenskudeildina, en **dómnefndum** leist ekki á kvennarannsóknirnar, sem þóttu of einstrengingslegar" [leturbreytingar mínar, ER].

Hér er enn frjállega farið með staðreyndir. Fyrir árið 1981 sótti Helga **tvísva**r um lektorstöðu í íslenskum bókmenntum; árið 1971 og 1980. Það þarf fleiri skipti til að hægt sé að segja "nokkrum sinnum". Í fyrra skiptið voru kvennarannsóknir Helgu ekki hafnar, eins og fram kemur í viðtalinu, og því hefur hún varla verið dæmd eftir þeim þá; þess vegna er fráleitt að segja að "dómnefndum" (í fleirtölu) hafi ekki litist á þær. Og það var ekki vegna meintrar andúðar dómnefndar á kvennarannsóknum sem Helga fékk ekki stöðuna 1980; sá sem stöðuna hlaut hafði bæði lengri kennslureynsla og veigameiri rit fram að leggja. Sama máli gegndi 1971, þegar annar umsækjandi var tekinn fram yfir Helgu. Það er alls ekki hægt að halda því fram að ómaklega hafi verið gengið fram hjá Helgu í þessi tvö skipti, eða hún hafi þar goldið kynferðis síns og kvennarannsóknna.

Það vekur hins vegar athygli að Helga skuli ekki minnst á það tilvik þegar óumdeilanlega var framhjá henni gengið; mál sem fór fyrir Jafnréttisráð, dómstóla og mikið var fjallað um í fjölmiðlum. Þegar Helga hafði verið fastur kennari í almennri bókmenntafræði í fjögur ár, sótti hún nefnilega í þriðja skiptið um stöðu í íslensku; haustið 1985. Í það skipti **taldi dómnefnd Helgu hæfasta umsækjandann og mælti með því að hún fengi stöðuna. Í nefndinni sátu þrír kennarar í íslenskum bókmenntum** - allt karlmenn. Þetta gerðist þrátt fyrir það að íslenskan sé á móti hugmyndum Helgu og hleypi henni ekki þar að með kenningar sínar, að hennar sögn.

Við atkvæðagreiðslu í heimspekideild fékk Helga 26 atkvæði, annar umsækjandi 7 og sá þriðji 4. Hitt er svo annað mál að ráðherra kaus að hafa álit dómnefndar og deildar að engu.

Hvers vegna nefnir Helga ekki þetta mál? Er það vegna þess að hér getur hún ekki beint spjótum sínum að íslenskunni og heimspekideild?